

Forsætisráðuneytið  
Regína Sigurðardóttir,  
sérfræðingur  
Stjórnarráðshúsinu v/Lækjargötu  
150 REYKJAVÍK

Garðabær, 04. desember 2018  
2018050033/42-8  
KJ, TB  
tb/kj

### Skúlptúr úr hrafntinnu

Vísað er til bréfs frá forsætisráðuneytinu, dags. 14. nóvember sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um erindi Alastair Mackie um leyfi til að taka 1200 kg af hrafntinnu í Kerlingarfjöllum. Ætlunin er að flytja hrafntinnuna úr landi, bræða og gera úr henni skúlptúr.

Hrafntinna er fremur sjaldgæf bergtegund, úr hreinu svörtu líparítgleri. Hér á landi er hún þekkt frá nokkrum stöðum en yfirleitt í mjög litlu magni. Mest er af henni er á Torfajökulssvæðinu og í Kerlingarfjöllum, en tærasta hrafntinnan finnst í litlu magni í Hrafntinnuhrygg við Kröflu. Eins og fram kemur í bréfi Dr. Gabian Wadsworth jarðfræðings við Ludwig-Maximilians-Universitöt til stuðnings verkefninu, þá er hrafntinna á Íslandi með því hreinasta sem finnst og í hæsta gæðaflokki á heimsvísu. Allir fundarstaðir hrafntinnu á Íslandi eru á virkum eldfjallasvæðum með líparítmyndunum og oft háhitasvæðum, en slík svæði hafa gjarna mikið aðdráttarafi fyrir ferðamenn og útivistarfólk. Sú hrafntinna sem finnst á Torfajökulssvæðinu er að langmestu leyti innan Friðlands að fjallabaki. Kerlingarfjöll eru í friðlýsingarferli og ítrekað hefur verið lagt til að Hrafntinnuhryggur yrði friðaður.

Árin 2005-2006 var gerð könnun á magni hrafntinnu á þremur stöðum vegna fyrirhugaðrar efnistöku til viðgerða á Þjóðleikhúsinu. Þá kom í ljós að mun minna væri af hrafntinnu á þeim stöðum en talið hafði verið (Kristján Jónasson og Helgi Torfason 2006). Lagt var til að framvegis verði svart gler framleitt í glerverksmiðjum til framangreindra nota, en það ætti að vera tiltölulega auðvelt.

Nú er sótt um leyfi til töku á 1200 kg af Hrafntinnu. Vel er hugsanlegt að hægt sé að taka slíkt magn á einhverjum svæðum þannig að erfitt verði að greina mikil ummerki þess. Það hefur hins vegar ákveðið fordæmisgildi. Samkvæmt erindinu þá mun það verða mikilvægur þáttur í því listaverki sem ætlunin er að búa til, að það sé unnið úr náttúrulegri hrafntinnu frá Íslandi. Þar með væri búið að gefa til kynna að hægt væri að fá mikið magn hrafntinnu héðan til ýmissa nota. Náttúrufræðistofnun mælir eindregið gegn því að leyfi sé veitt til að taka 1200 kg. af hrafntinnu bæði vegna fágæti hrafntinnu og vegna þess fordæmisgildi sem þar með væri gefið.



Í 15. gr. laga nr. 60/1992 kemur fram að náttúrugripi megi ekki flytja úr landi nema með leyfi Náttúrufræðistofnunar Íslands og með þeim skilyrðum sem stofnunin setur hverju sinni. Náttúrufræðistofnun hefur á undanförunum árum í örfá skipti veitt leyfi til útflutnings á sýnum af hrafntinnu til vísindarannsókna. Í þeim tilvikum hefur í mesta lagi verið um að ræða örfá kg af hrafntinnu. Ljóst er að Náttúrufræðistofnun mun að óbreyttu ekki veita leyfi til útflutnings á 1200 kg af hrafntinnu í þeim tilgangi að gera úr því listaverk en stofnunin telur gerð listaverksins ekki vera þess eðlis að það sá samrýmist tilgangi laga um náttúruvernd.

Auðvelt ætti að vera að framleiða svart gler með sama útlit og eiginleika og hrafntinna hefur. Því er ekki nein þörf á því að rýra gildi þeirra svæða á Íslandi þar sem náttúrulega hrafntinnu er að finna.

Heimild:

Kristján Jónasson og Helgi Torfason 2006. Hrafntinna í Hrafntinnuhrygg, Hrafntinnuskeri og Austurbjöllum. Náttúrufræðistofnun Íslands, NÍ-06004, 26 bls.  
<http://utgafa.ni.is/skyrslur/2006/NI-06004.pdf>

Virðingarfyllt



Trausti Baldursson  
fostöðum, vistfræði- og ráðgjafardeildar



Kristján Jónasson  
sviðsstjóri jarðfræði

